

5. fundur stjórnar AP, starfsárið 2011-2012

haldinn að Garðarsbraut 5 á Húsavík miðvikudaginn 16. maí 2012 kl.15:00 Mætt: Aðalsteinn Á. Baldursson, Björn Víkingur Björnsson, Margrét Bjarnadóttir, Pétur Snæbjörnsson og Sigurgeir Höskuldsson. Einnig sat fundinn Reinhard Reynisson, framkvæmdastjóri, sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og stjórnaði honum.

1. Ársreikningur 2011

Lagður fram ársreikningur 2011 sem áritaður er af löggiltum endurskoðanda félagsins án athugasemda. Rekstrartekjur eru 38,7 mkr., rekstrargjöld 39,3 mkr. og rekstrarhalli því 600 þús. kr. Fjármagnsliðir eru jákvæðir um 700 þús. kr. og hagnaður ársins kr. 68 þús. Niðurstöðutala efnahagsreiknings er 27,4 mkr. og skiptist þannig á eignahlið að fastafjármunir eru 4,5 mkr., þar af eru eignahlutir í öðrum félögum 4,0 mkr. veltufjármunir eru 22,9 mkr., þar af handbært fé 13,9 mkr. Á skuldahlið eru skuldbindingar 18,9 mkr. en þar af eru skuldbindingar vegna eigna fyrrum Kísilgúrsjóðs 17,5 mkr. Skammtímaskuldir eru 7,5 mkr. og eigið fé tæpar 900 þús. kr.

Lýstu stjórnarmenn ánægju með að jafnvægi hafi náðst í rekstri félagsins þrátt fyrir samdrátt í tekjum. Að umræðu lokinni staðfesti stjórn ársreikninginn með áritun sinni.

2. Hvatningarverðlaun AP

Að lokinni umræðu var samþykkt að veita Mýflugi hf. hvatningarverðlaun AP að þessu sinni og var formanni og framkvæmdastjóra falið að ganga frá viðurkenningarskjalinu.

3. Aðalfundur 2012

Farið yfir praktísk mál varðandi aðalfund:

- Fundarstjóri verður Böðvar Pétursson varaoddviti Skútustaðahrepps en hann mun jafnframt stýra málþingi sem fram fer að loknum aðalfundarstörfum.
- Fundarritari verður Ari Páll Pálsson starfsmaður AP

4. Önnur mál

Pétur Snæbjörnsson skýrði frá því að hann gerði ráð fyrir að þetta væri hans síðasti stjórnarfundur þar sem stjórn nýstofnaðra samtaka atvinnurekenda á starfssvæði AP – SANA – myndi líklega tilnefna formann samtakanna til stjórnarsetu. Þakkaði Pétur samstarfið í stjórninni. Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri þökkðu Pétri sömuleiðis samstarfið.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 16:40